

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

Suður Mjódd - Álfabakki 4 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 19. nóvember 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. nóvember 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 11. nóvember 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðismenn telja að löngu sé tímabært að skipuleggja Mjóddina í heild enda hefur svæðið gríðarleg tækifæri fyrir Reykjavík, ekki síst vegna góðra samgöngutenginga. Vakin er athygli á því að borgin keypti Völvufell annars vegar og Arnarbakka hins vegar í byrjun kjörtímabils fyrir tæpan einn milljarð króna og hafði uppi stór áform, en lítið hefur bólað á þeirri endurnýjun sem áformuð var. Líklega má telja að skilvirkari leið hefði verið að rýmka skipulagsskilmála í stað þess að festa opinbert fé í langan tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.